

Dalabyggð, b.t. sveitarstjóra
Miðbraut 11
370 Búðardal

Stykkishólmi 5. september 2019

Efni: Fræðslu- og umræðuþing um framtíð Breiðafjarðar

Á síðustu misserum hefur Breiðafjarðarnefnd velt fyrir sér framtíð Breiðafjarðar og þess svæðis sem nú nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 54/1995. Þá hefur meðal annars komið til tals stækkun á verndarsvæði Breiðafjarðar, frá Öndverðarnesi að Bjargtöngum, endurskoðun á áðurnefndum lögum um sérstaka vernd fjarðarins auk annarra möguleika sem fyrir hendi eru á svæðinu.

Af þessu tilefni hefur Breiðafjarðarnefnd, í samstarfi við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, ákveðið að efna til fræðslu- og umræðuþings um framtíð Breiðafjarðar. Nákvæm dagskrá verður auglýst síðar. Umhverfis- og auðlindaráðherra mun sitja þingið og ljóst er að á þinginu verða fræðandi erindi og góð tækifæri til umræðna.

Á þinginu verður sjónum beint að framtíð mannlífs, menningar og náttúru við Breiðafjörð og hvernig íbúar sjá framtíða fjarðarins fyrir sér.

Breiðafjarðarnefnd óskar sérstaklega eftir þátttöku fulltrúa sveitarfélaganna sjö sem liggja að verndarsvæðinu. Íbúar verndarsvæðisins eru þó einnig velkomnir enda þingið mikilvægt til þess að kynna íbúum hver sérstaða svæðisins sé og hvernig vernda skal auðlindir, mannlíf, menningu og náttúru.

Þingið fer fram í Tjarnarlundi, Dalabyggð þann 23. október næstkomandi og mun standa frá kl. 11-16. Breiðafjarðarnefnd óskar eftir því við sveitarfélagið að senda að minnsta kosti tvo fulltrúa sveitarstjórnar á þingið, þó fleiri séu að sjálfsgöðu velkomnir.

Með von um góða þátttöku.

Fh. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar